Árgjald var ákveðið og samþykkt 500.- kr. Þá var samþ. að leggja tillaga um breitingu á lögum félagsins í 11. grein um stjórnarkjör og verður hún lögð fyrir næsta aðalfund.
Tillagan er þannig: Öll stjórnin skal kosin árlega.
Úr stjórn átti að ganga Ófeigur Gestsson og var hann endurkjörinn.
Stjórnin er þannig skipuð:
Ófeigur Gestsson formaður
Finnbogi Arndal gjaldkeri
Garðar Vigfússon ritari
Bjarni Einarsson meðstjórnandi.

Ófeigur þakkaði það traust, sem honum væri sýnt með endurkjöri, einnig þakkaði hann fundarmönnum komuna og óskaði þeim góðrar heimferðar og sagði fundi slitið.
Hermann Jónsson óskaði stjórninni heilla á komandi starfsári um leið og hann þakkaði það liðna. Þegar fundi var slitið var kl. 18,30 og fundinn sátu 15 fulltrúar.

Garðar Vigfússon (fundarritari)

Aðalfundur Frjótæknafélags Íslands haldinn að Hótel K.E.A. Akureyri 21. okt. 1973

Fundurinn hófst kl. 10.15 með því að formaður félagsins Ófeigur Gestsson bauð gesti og aðra fundarmenn velkomna á fyrsta aðalfund félagsins.

Því næst flutti hann skýrslu stjórnarinnar, en stjórnin hélt með sér fjóra fundi á starfsárinu.

Stjórnin útbjó spurningalista, sem sendur var öllum frjótæknum landsins til útfyllingar, varðandi kjör og annað, sem varðar starfið í byrjun félagsstofnunar. Tuttugu útfylltir listar bárust aftur til stjórnarinnar og á þeim sést glöggt hið mikla ósamræmi í launamálum okkar og hverjar óskir okkar eru í hinum ýmsu þáttum starfs okkar. Formaður tiltók eitt atriði, sem allir þátttakendur spurningalistans hefðu verið á einu máli um að laga þyrfti, en það eru helgarfríin. Um þau sagði formaður, að flestir sem tækju laun hjá Ríkissjóði hefðu 8-12 daga frí í hverjum mánuði og þetta atriði væri brýnt að leysa því við hefðum flestir enganm.

Taldi hann að ef til vill gætum við náð þessum helgarfríum, ef við tækjum þá nokkra daga í einu eftir ákveðnum vinnudagafjölda og kæmu þá til afleysingarmenn, líkt og í sumarfríum.

Formaður gat þess að ~~Búnaðarfélag~~ Landbúnaðarráðuneytið

~~Íslands~~ viðurkenndi okkur ekki
nema í 15. launaflokki þó svo að í
upphafi hafi verið svo ákveðið að
laun okkar miðuðust við laun ráðunauta,
þannig að við værum 4 launaflokkum
neðar en þeir, en með þeirri viðmiðun
bæri okkur að vera í 19-20 launaflokki
en á það vantar gróflega sumstaðar
og hefðu sum búnaðarsamböndin misnotað
hógværð okkar og samstöðuleysi.
Formaður taldi að félagið hefði þegar
komið ýmsu jákvæðu í framkvæmd
með félurð sinni og segja mætti,
að nú fyrst yrði að taka málin fastari
tökum. Hann þakkaði meðstjórnarmönnum
sínum samstarfið á árinu, sem hefði
verið ágætt.
Þvínæst var skýrslan borin undir,
atkvæði og hún samþykkt samhljóða.

Finnbogi Arndal, gjaldkeri las upp reikninga
félagsins og skýrði þá. Veltan var
12.119.- kr., sem er eingöngu fengið
með árgjöldum félagsmanna.
Inneign í árslok var 6.104.30 kr.
Reykningarnir voru samþ. samhljóða.

Gestur okkar á fundinum Jóhannes
Eiríksson ráðunautur flutti okkur
kveðjur Ólafs E. Stefánssonar og hélt
að því búnu fróðlegt og ágætt erindi
um ýmsar nýjungar o.fl., sem hann
kynnti sér um nautgriparækt í sumar

á ferðalagi sínu um ýms Evrópulönd.
Jóhannes lagði áherslu á mikilvægi starfs okkar frjótækna og nauðsyn þess að samræma launakjör okkar.
Ennfremur kom hann með þá hugmynd að gefa út einskonar handbók fyrir frjótækna.
Ófeigur þakkaði Jóhannesi greinargott erindi og lét í ljós ánægju með þá hugmynd að gefa út handbók fyrir frjótækna.
Að því búnu gaf Jóhannes okkur upplýsingar um afkvæmarannsóknir kynbótastöðvanna og svaraði fyrirspurnum um hin ýmsu naut og aðra starfsemi í nautgriparæktinni og spunnust um þessi mál fjörugar umræður, og var meðal annars gagnrýnd skipun kynbótanefndar, en hún er eins og kunnugt er eingöngu skipuð ráðunautum, töldu fundarmenn að minsta kosti 1 bóndi, frjótæknir og dýralæknir ættu að eiga sæti þar.
Starfsaðferðir sauðfjárveikivarnarnefndar báru einnig á góma og vöktu undrun fundarmanna. Jóhannes sagði að væntanleg væri ný nautaskýrsla eftir áramót, og ef eitthvað væri, sem við vildum koma á framfæri við bændur væri þar tækifæri til slíks. Ýms atriði er varðar samskipti bænda og frjótækna, tæki hann við til birtingar í nautaskýrsluna. Því næst var gert fundarhlé og snæddur hádegisverður.

á ferðalagi sínu um ýmis Evrópulönd.
Jóhannes lagði áherslu á mikilvægi starfs okkar frjótækna og nauðsyn þess að samræma launakjör okkar.
Ennfremur kom hann með þá hugmynd að gefa út einskonar handbók fyrir frjótækna.
Ófeigur þakkaði Jóhannesi greinargott erindi og lét í ljós ánægju með þá hugmynd að gefa út handbók fyrir frjótækna.
Að því búnu gaf Jóhannes okkur upplýsingar um afkvæmarannsóknir kynbótastöðvanna og svaraði fyrirspurnum um hin ýmsu naut og aðra starfsemi í nautgriparæktinni og spunnust um þessi mál fjörugar umræður, og var meðal annars gagnrýnd skipun kynbótanefndar, en hún er eins og kunnugt er eingöngu skipuð ráðunautum, töldu fundarmenn að minsta kosti 1 bóndi, frjótæknir og dýralæknir ættu að eiga sæti þar.
Starfsaðferðir sauðfjárveikivarnarnefndar báru einnig á góma og vöktu undrun fundarmanna. Jóhannes sagði að væntanleg væri ný nautaskýrsla eftir áramót, og ef eitthvað væri, sem við vildum koma á framfæri við bændur væri þar tækifæri til slíks. Ýmis atriði er varðar samskipti bænda og frjótækna, tæki hann við til birtingar í nautaskýrsluna. Því næst var gert fundarhlé og snæddur hádegisverður.

er varða lausráðna frjótækna.
Eftirfarandi var samþykkt samhljóða
Aðalfundur Frjótæknafélags Íslands haldinn
á Akureyri 21. okt. 1973 samþykkir eftirfarandi
um kjör lausráðinna frjótækna:
1. Akstursgjald á ekinn km. á eigin bifreið
fari eftir torfærutaxta vegagerðar ríkisins á
tímabilinu 1/10 – 1/6. Yfir sumartímann
gildi taxti Búnaðarfélags Íslands
(Greiðsla aðeins miðuð við bílinn)
2. Greiðsla fyrir sædda kú sé samnings-
atriði á milli Frjótæknafél. Íslands og
samninganefndar búnaðarsambandanna.
3. Búnaðarsamböndin sjái um tryggingu
frjótækna í starfi. Tryggingin nái yfir
tímabilið frá því maður fer að heiman
og þar til hann er heima.
4. Þegar sæðingargjald verður ákveðið, skal
hafa í huga að frjótæknar hafa verið
kauplausir við 2. og 3. sæðingu.
Gerð var ályktun svohljóðandi: Aðalfundur
Frjótæknafélags Íslands haldinn á Akureyri
21. okt. 1973 skorar á Búnaðarþing 1974
að kjósa nefnd, sem fyrir hönd búnaðar-
sambandanna semdir við Frjótæknafélag
Íslands um laun frjótækna, fastráðinna
og lausráðinna. Ályktunin borin undir
fundinn og samþ. samhljóða og einnig
að fela stjórninni að semja greinargjörð með
ályktuninni.
Varðandi táknmerki félagsins komu lauslegar
tillögur, sem vísað var áfram til athugunar
til næstu stjórnar.

Eftir hádegisverð sátu frjótæknar eingöngu fundinn. Hermann Jónsson spurðist fyrir um hvaða ávinning við hefðum af því að ganga í Starfsmannafélag Ríkisstofnana. Ófeigur taldi það mál ekki komið til hlítar enn þá, en hins vegar sagði hann, að það gæti farið svo að allir, sem tækju laun hjá ríkinu yrðu skyldaðir til að borga til B.S.R.B. Hermann spurði einnig að því, hvort frjótæknar fengju afslátt af gistingu á hótel Sögu. Finnbogi sagði að þeir, sem hefðu orðið sér út um afsláttarkort, sem hægt væri að fá á skrifstofu Búnaðarfélags Íslands fengju afslátt. Finnbogi minnti fundar-menn á að ganga eftir 5000.- kr. greiðslu, sem þeim bæri samkv. samkomu-lagi B.S.R.B við fjármálaráðherra, sem komi í staðinn fyrir orlofsgreiðslu á yfirvinnukaup.
Hermann upplýsti að þeir Eyfirðingar hefðu fengið sín laun greidd þannig, að þeir voru 4 launaflokkum neðar en ráðunautar Búnaðarsambandana og þegar ráðunautar hefðu hækkað í launaflokki hefðu frjó-tæknar hækkað um jafn marga flokka.
Þegar hér var komið skiptu fundarmenn sér í tvo hópa, lausráðna og fastráðna og gerðu könnun á þeim spurningalistum sem bárust útfylltir til stjórnarinnar.
Út frá þeirri athugun voru mótaðar ýmsar tillögur til kjarabóta, einkum

er varða lausráðna frjótækna.
Eftirfarandi var samþykkt samhljóða
Aðalfundur Frjótæknafélags Íslands haldinn
á Akureyri 21. okt. 1973 samþykkir eftirfarandi
um kjör lausráðinna frjótækna:
1. Akstursgjald á ekinn km. á eigin bifreið
fari eftir torfarutaxta vegagerðar ríkisins á
tímabilinu 1/10 – 1/6. Yfir sumartímann
gildi taxti Búnaðarfélags Íslands
(Greiðsla aðeins miðuð við bílinn)
2. Greiðsla fyrir sædda kú sé samnings-
atriði á milli Frjótæknafél. Íslands og
samninganefndar búnaðarsambandanna.
3. Búnaðarsamböndin sjái um tryggingu
frjótækna í starfi. Tryggingin nái yfir
tímabilið frá því maður fer að heiman
og þar til hann er heima.
4. Þegar sæðingargjald verður ákveðið, skal
haft í huga að frjótæknar hafa verið
kauplausir við 2. og 3. sæðingu.
Gerð var ályktun svohljóðandi: Aðalfundur
Frjótæknafélags Íslands haldinn á Akureyri
21. okt. 1973 skorar á Búnaðarþing 1974
að kjósa nefnd, sem fyrir hönd búnaðar-
sambandanna semdi við Frjótæknafélag
Íslands um laun frjótækna, fastráðinna
og lausráðinna. Ályktunin borin undir
fundinn og samþ. samhljóða og einnig
að fela stjórninni að semja greinargjörð með
ályktuninni.
Varðandi táknmerki félagsins komu lauslegar
tillögur, sem vísað var áfram til athugunar
til næstu stjórnar.